

Starfsáætlun Hríseyjarskóla 2022-2023

Grunnskóladeild

Leikskóladeild



Gildi Hríseyjarskóla eru manngildi - þekking - metnaður

Hrísey júní 2022

Ábyrgðarmaður: Þórunn Björg Arnórsdóttir

Inngangur	4
Stjórnskipulag	4
Hríseyjarskóli	4
Skipurit Hríseyjarskóla	5
Starfsfólk Hríseyjarskóla	5
Skóladagatal 2022-2023	6
Skýringar með skóladagatali 2022-23 fyrir samrekinn leik og grunnskóla	6
Skólaráð	8
Starfsáætlun gæðaráðs	9
INNRA MAT	10
Samstarf heimila og skóla	10
Foreldrasamstarf - áætlun	10
Stjórn foreldrafélagsins	11
Skólareglur	11
Skólasókn	13
Leyfi frá skólasókn	13
Nám og kennsla	13
Tilhögun kennslu og kennsluáætlanir	13
Grunnþættir menntunar	14
Lykilhæfni	14
Kennsluaðferðir	14
Byrjendalæsi	15
Námsmat	15
Valgreinar	15
Heimanám	15
Forfallakennsla	16
Nemendur	16
Móttaka nýrra nemenda	16
Aðlögun barna á leikskólanum	17
Leikskóladeild	17
Grunnskóladeild	17
Stundaskrá grunnskóla	18
Starfsáætlun nemenda	18
Dagskipulag leikskóladeildar	20
Leikurinn	20
Útivera	21
Samvera	21
Hvöld	21

Nemendaráð	21
Félagslíf	22
Stoðþjónusta	22
Stoðþjónusta	22
Námsmats- og skimunaráætlun Hríseyjarskóla 2022 - 2023	23
Heilsugæsla	25
Áfallaráð	25
https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/06/Afallaaetlun-1.pdf	25
Starfsþróun	25
Símenntunaráætlun	25
Forvarnir og öryggismál	25
Ávana- og fíkniefni/vímuvarnir	26
Rýmingaráætlun	26
Eineltisáætlun	26
Öryggis- og slysaáætlun	26
Öryggishandbók Hríseyjarskóla	27
Viðbrögð vegna heimsfaraldurs	27
Viðbrögð vegna gosmengunar	27
Illviðri og ófærð	27
Hagnýtar upplýsingar	27
Mötuneyti	27
Bókasafn	28
Skyndilegar breytingar í fjölskyldunni, áföll í lífi nemenda	28
Gæsla í frímínútum	28
Óskilamunir	28
Útivistarreglur	28
Eigur skólans	29

Inngangur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun.

Í starfsáætlun Hríseyjarskóla er gerð grein fyrir starfstíma skólans og mikilvægum dagsetningum og ýmsum hagnýtum upplýsingum um skólastarfið, hefðir og venjur og verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum.

Stjórnskipulag

Hríseyjarskóli

Heimilisfang: Við Hólabraut 630 Hrísey

Sími: 466-1763

Netfang: thorarno@akmennt.is

Heimasíða skólans: www.hriseyjarskoli.is

Skólastjóri: Þórunn Björg Arnórsdóttir

Nemendafjöldi á leikskóladeild: 3

Nemendafjöldi í grunnskóladeild: 17

Skipulag:

- Skólinn opnar kl. 07:45
- Leikskólinn opnar kl 07:45
- Fyrsta kennslustund hefst kl. 08:00 hjá öllum nemendum skólans
- Morgunmatur er í Hlein kl. 8:30 mánudag - fimmtudags . Nemendur koma með hollt og gott nesti að heima á föstudögum
- Frímínútur hefjast kl. 10:10 -10:30 yngri og miðdeild fara út alla daga, eldri deild fara út á þriðjudögum og fimmtudögum.
- Ávaxtastund 10:30-10:40
- Hádegishlé leikskóla 11:30-12:00
- Hádegishlé grunnskóla 12:00-12:30

Skipurit Hríseyjarskóla



Starfsfólk Hríseyjarskóla

Kennarar starfa samkvæmt siðareglum kennara og leikskólakennara. Allir starfsmenn skólans skulu sýna það í störfum sínum að þeir virði manngildi og mikilvægi hvers einstaklings. Starfsmenn skólans eru bundnir þagnarskyldu um mál nemenda og fjölskyldna þeirra en starfa samkvæmt verklagsreglum um tilkynningarskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda frá 18. desember 2006 um vanrækslu og aðbúnað barna.

Nafn	Starfsheiti
Díana Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði
Helena Sólrún Hilmarsdóttir	Matráður
Huldís Ósk Hannesdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hrund Teitsdóttir	Grunnskólakennari
Júlía Mist Almarsdóttir	(Fæðingarorlof) Starfsmaður á leikskóla
Theodóra Kristjánsdóttir	Starfsmaður á leikskóla
Vilborg Valgeirsdóttir	Grunnskólakennari
Þórunn Björg Arnórsdóttir	Skólastjóri

Skóladagatal 2022-2023

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Hríseviðarskóli

AGUS 1	SEPT 2024	OCT 2024	NOVEMBER	DESEMBER	JANUARI	FEBRUARI	MAR 5	APRIL	MAY	JUNE
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjórnir í samráði við kennara og með hlýðsjón af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skýringar með skóladagatali 2022-23 fyrir samrekinn leik og grunnskóla

Ágúst

15.-19 Skipulagsdagar kennara fyrir skólabyrjun hefjast.

22. Skólasetning/skólabyrjun.

23. Skólaleikar

29-30. Viðtöl - kennarar ræða við nemendur og foreldra (í viðtali) í byrjun skólaárs þar sem m.a. er farið yfir markmið og væntingar komandi skólaárs. Allir bekkir.

31. Námskynning fyrir foreldra barna í leik og grunnskóla.

September

8. Dagur læsis

12. - 15. Sudburyvika

16. Dagur íslenskrar náttúru

26. Evrópski tungumáladagurinn

Október

20. starfsdagur

21. -24. vetrarfrí

Nóvember

8. Dagur gegn einelti

16. Dagur íslenskrar tungu. Mikil dagskrá í gangi í tilefni dagsins. Setning Stóru upplestrarkeppninnar. Foreldrakaffi boðið til hádegisverðar fyrir eyjaskeggja í íþróttamiðstöðinni.

20. Dagur mannréttinda barna

Desember

2. Starfsdagur

21. Litlu jól.

Janúar

2. Starfsdagur. Leikskólinn lokaður.

22. Bóndadagur Þorrablót í skólanum

Febrúar

6. Dagur leikskólans Öllum boðið í kaffi á leikskóladeildinni

13.-16. Sudburyvika

20. Bolludagur

21. Sprengidagur

22. Öskudagur/Starfsdagur

23.-24. vetrarfrí

Mars

14. Dagur stærðfræðinnar

Apríl

20. Sumardagurinn fyrsti

Mai

6. Árshátíð (tvöfaldur dagur)

19. Starfsdagur

Júní

2. Skólaslit og vorhátíð leikskólans.

5.-7. starfsdagar

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanlega ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr. , getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. (hluti 8. greinar laga um grunnskóla (2008).

<https://hriseyjarskoli.is/skolarad/fundargerdir/>

Þórunn Arnórsdóttir, skólastjóri

Vilborg Valgeirsdóttir, fulltrúi kennara grunnskóladeild

Júlía Mist Almarsdóttir, fulltrúi kennara leikskóladeild

Guðmundur Stefánsson, fulltrúi foreldra grunn- og leikskólabarna

Helena Hilmarsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna

Anna María Antonsdóttir, fulltrúi nemenda

Victoría Líf Hermannsdóttir, fulltrúi nemenda

Guðrún Þorbjarnardóttir fulltrúi grenndarsamfélags

Mánuður	Verkefni	Ákvarðanir og ábyrgðaraðili
September	Kosning í skólaráð – Annað hvert ár	
September	Farið yfir hlutverk skólaráðs skipulag skólaársins, starfsáætlun og skólanámskrá Skipulag funda skólaárið 2022-2023	Skólastjóri
Október		
Nóvember	Kynning á störfum gæðaráðs, niðurstöður skólapings.	
Mars	Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs Skóladagatal, kynning og umræða	
Apríl		
Maí		

Starfsáætlun gæðaráðs

<https://docs.google.com/document/d/1fMctvcdzUzHg0idfK62o6PaGbIH2DDaHyL9YmJrud8g/edit>

Matsáætlun innra mat

INNRA MAT

Í Hríseyjarskóla er starfandi gæðaráð sem heldur utan um innra mat á skólastarfinu og gerð umbótaáætlana. Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Markmið matsins er að veita upplýsingar um skólastarfið og hvernig það þróast. Markmið matsins er einnig að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við lög og að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum. Við leitumst stöðugt við að bæta og þróa störf okkar til þess að auka árangur nemenda. Til þess að þróa starfshætti okkar markvisst þurfum við að safna gögnum. Rýnt er í fyrirbyggjandi gögn s.s. foreldra- nemenda og starfsmannakannanir, fundargerðir, ásamt niðurstöðum prófa og kannana.

Í vetur verður áhersla á endurskoðun á Skólanámskrá, gerð námsvísa, auk þess sem unnið verður samkvæmt umbótaáætlun síðasta skólaárs. Haldið verður áfram í að máta gögn við gæðaviðmið og annað samkvæmt ítarlegri ársáætlun.

Samstarf heimila og skóla

Lögð er áhersla á samstarf við foreldra um samábyrgð foreldra og skóla á námi nemenda. Foreldrar fá upplýsingar um gang mála í skólanum og eru í reglulegu sambandi við umsjónarkennara. Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Skóladagatal er unnið í samráði við Skólaráð. Tölvupóstur (föstudagspóstur) er sendur heim einu sinni í viku með upplýsingum um skólastarfið. Bent er á mikilvægi þess að foreldrar sýni námi barna sinna áhuga.

Foreldrasamstarf - áætlun

Ágúst	Skólasetning 22. ágúst – foreldrum boðið Nemendastýrð foreldraviðtöl í grunnskólanum
September	
Október	Skólaþing
Nóvember	Foreldraviðtöl barna á leikskóladeild Foreldrakaffi 16. nóvember Jólafondur á vegum foreldrafélags. Þátttaka nemenda á aðventukvöldi (á vegum kirkjunnar)
Desember	Litlu jól – foreldrum boðið
Janúar	Nemendastýrð foreldraviðtöl í grunnskólanum
Febrúar	Opið hús í leikskólanum Dagur leikskólans
Mars	Öskudagsball á vegum foreldrafélagsins
Apríl	
Maí	Árshátíð nemenda foreldrum boðið
Júní	Vorferð, skólaslit – vorhátíð.

Stjórn foreldrafélagsins

Foreldrafélag/ráð Hríseyjarskóla kosið vorið 2022

Guðmundur Stefánsson

Huldís Ósk Hannesdóttir

Ingólfur Sigfússon

Í varastjórn sitja:

Elzbieta Domanska

Klas Rask

Narfi Freyr Narfason

Lög félagsins má finna á heimasíðu skólans www.hriseyjarkoli.is

Skólareglur

Skólareglur voru unnar í samvinnu við nemendur og eru endurskoðaðar reglulega. Skólareglur voru endurskoðaðar á skólapingi 4.11.2021. Niðurstaðan var sú að skólareglurnar eru óbreyttar en settur eftirfarandi viðauki:

- Ef nemandi kemur með síma í skólann verður síminn geymdur í símakörfu þar til í lok skóladags.
- Nemendur í 8. - 10. bekk mega vera í símanum í hádegis frímínútum á þriðjudögum og fimmtudögum.
- eða þriðja föstudag í mánuði mega allir nemendur koma með síma í skólann og vera í þeim í frímínútum milli 10:10 og 10:30.

Við viljum árétta að komi nemandi með tæki í skólann þá er það á eigin ábyrgð.

Ástundun og stundvísi.

- **Verum stundvís, jákvæð og gerum okkar besta.**
- **Virðum vinnufrið í kennslustundum**

Stundvísi. Mikilvægt er að nemendur komi á réttum tíma í kennslustundir. Ætlast er til að foreldrar hringi og tilkynni veikindi og/eða seinkomur. Ef um lengri leyfi er að ræða en einn dag þarf að hafa samband við skólastjóra. Fjarvist er heimilt að gefa, mæti nemandi eftir að 15 mínútur eru búnar af kennslustundinni. Yfirlit yfir ástundun nemenda er hægt að nálgast á Fjölskylduvef Mentors.

Nám. Nám er vinna sem ætlast er til að nemendur skili af sér, jafnt í skóla sem heima. Kennarar vinna að því í samráði við forráðamenn að nemendur virði kennslustundir sem dýrmætan vinnutíma. Kennari fylgist með námsframvindu og hegðun nemenda sinna og gerir ráðstafanir í samræmi við skólareglur ef út af ber.

Brot. Ef nemandi verður uppvís að skila verkefni og/eða ritgerð, sem aðrir hafa samið, fær viðkomandi einkunnina núll fyrir verkefnið og eru foreldrar/forráðamenn upplýstir um málið. Það sama á við ef nemandi verður uppvís að því að svindla á prófum.

Framkoma.

- **Við erum kurteis og sýnum hvoru öðru tillitssemi og kurteisi.**

Framkoma: Það er sameiginlegt markmið skólans og heimilanna að rækta með börnum og unglingum almenna kurteisi og viðurkenndar samskiptareglur manna í milli.

Við komum fram við aðra, eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Ef nemandi er staðinn að því að skaða aðra nemendur, eyðileggja vinnu eða leiki er hann tekinn úr aðstæðum og úrræði fundin til bóta.

Yfirhafnir. Við erum ekki með höfuðföt, yfirhafnir, o.þ.h. í kennslutíma, í matsal eða á sal skólans, nema með sérstöku leyfi.

Umgengni.

- **Göngum vel og snyrtilega um skólann, eigur hans, okkar og annarra og stofnum ekki öryggi fólks í hættu.**

Umgengni. Nemendur temji sér góða umgengni í skólanum, s.s. í skólastofunni, matsal, á göngum og skólalóð. Ef nemandi veldur vísvitandi eða vegna alvarlegs gáleysis skemmdum á eignum skólans eða annarra í skólanum, er hann bótaskyldur og málinu er vísað til skólastjóra

Öryggi. Allir eiga rétt á að finna til öryggis í skólanum. Framkoma og hegðun nemenda og starfsfólks skal vera þannig að hún ógni ekki öryggi annarra. Mæti nemandi með eldfæri, hníf eða önnur skaðleg verkfæri, sem getur skaðað hann sjálfan eða aðra í skólanum, verður það umsvifalaust tekið af honum og einungis foreldrar geta endurheimt slíka hluti.

Skólalóð. Við yfirgefum ekki skólalóðina á skólatíma nema með leyfi. Komi nemandi á hjóli, hjólaskautum, hjólabretti, eða öðru slíku skulu hjálmar notaðir.

Fatnaður. Nauðsynlegt er að merkja allar yfirhafnir og skófatnað. Skólinn tekur ekki ábyrgð á því ef skór, fatnaður eða aðrar eigur nemenda hverfa úr skólanum. Það sama gildir ef peningar eða önnur verðmæti hverfa t.d. úr yfirhöfnum eða töskum. Reglan er að nemendur beri ábyrgð á eigum sínum í skólanum.

Heilbrigði

- **Við hugsum vel um heilsu okkar**
- **Höfum með okkur hollt nesti**

Heilsa. Nemendur hugsi vel um heilsu sína og temji sér að borða hollan og góðan mat. Sælgæti og neysla gosdrykkja er bönnuð í skólanum á skólatíma, nema í sérstökum undantekningatilfellum að mati kennara.

Tóbak, áfengi og ólögleg vímuefni. Verði nemandi staðinn að því að neyta tóbaks og eða áfengis á skólatíma, á skemmtunum eða í ferðum á vegum skólans, er málinu vísað strax til umsjónarkennara og skólastjóra og foreldrar/forráðamenn látnir vita. Brot geta varðað brottvísun úr skóla tímabundið á meðan unnið er í hans málum.

Skólasókn

Börn á grunnskólaaldri eru skólaskyld. Skóladagar nemenda eru 180 á ári, þar af eru 10 dagar

fyrir sveigjanlegt skólastarf. Þá daga er ekki kennt samkvæmt hefðbundinni stundaskrá en engu að síður er kennsluskylda.

Foreldrar skulu tilkynna veikindi barna og önnur forföll áður en kennsla hefst að morgni í síma 4661763.

Leyfi frá skólasókn

Umsjónarkennari veitir leyfi fyrir einn dag. Sé um lengri tíma að ræða skal leitað til skólastjóra. Áriðandi er að foreldrar og forráðamenn geri sér grein fyrir því að margar og jafnvel stórar eyður í námi nemandans, sem koma til af mikilli fjarveru úr skóla eru mjög slæmar, og sú röskun sem verður á námi nemandans í fjarveru hans úr skólanum er á þeirra ábyrgð. **Forráðamenn bera ábyrgð á því að börn þeirra vinni upp það sem þau kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur.** Reglugerð um rétt nemenda

Starfsfólk ber ekki ábyrgð á að senda nemendur í ferju á skólatíma.

Nám og kennsla

Tilhögun kennslu og kennsluáætlanir

Nemendur í 1. - 4. bekk fá 30 kennslustundir á viku, 5. - 7. bekkur 35 stundir og 8. - 10. bekkur 37 stundir. Í Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um kennslustunda meðaltal á viku í öllum námsgreinum.

Í skólanum er aldursblöndun á leikskólastigi og samkennsla árganga á grunnskólastigi þar sem nemendur fá námsefni við hæfi óháð aldri. Nemendur vinna og leika í stórum og litlum hópum, aldursblönduðum, þvert á skólastig eða hvað sem hentar hverju sinni undir leiðsögn umsjónarkennara, hópstjóra eða annars starfsfólks. Samkennsla á grunnskólastigi er ólík milli skólaára og fer eftir samsetningu og fjölda í hverjum árgangi.

Grunnbættir menntunar

Í Hríseyjarskóla eru grunnbættir menntunar og lykilhæfni höfð að leiðarljósi í öllu starfi með nemendum. Grunnbættirnir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Nánari útfærslu á grunnþáttum má sjá í skólanámskrá

https://docs.google.com/document/d/1Ang_5KQX9ASu3wCL90arWKOPqVXe4IRtp50anuKOspw/edit

Lykilhæfni

Lykilhæfni er samofin allri vinnu með nemendum, hún byggist á grunnþáttum menntunar og áherslupáttum grunnskólalaga. Lykilhæfni er hæfni sem er sameiginleg öllum námssviðum og snýr að hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökkræðum. Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöðum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdarfærslu. Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnin hátt. Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

<https://docs.google.com/document/d/17NDuUmR5EikdkoG0clmNzqJLw1VMBcU2u2J67JFS5ss/edit>

Kennsluaðferðir

Í samkennslu margra árganga reynir á samvinnu og samhjálp nemenda, þar sem þeir vinna saman og hjálpast að eftir getu undir handleiðslu kennara. Í skólanum er einstaklingsmiðað nám þar sem hver og einn starfar á eigin forsendum og nemendum er gert að vera „leiðtogar í eigin námi“.

Í skólanum er lögð áhersla á mikilvægi frjálsa leiksins fyrir þroska barnsins. Leitast er við að gefa börnum kost á sem fjölbreyttum viðfangsefnum, leikefni og aðstæðum, sem örva öll þroskasvið þeirra. Börnin velja sér svæði og leikefni, bæði inni og úti, þar sem þau leika sér á eigin forsendum. Kennari er bæði áhorfandi og þátttakandi í leik barnanna og hann nýtir tækifæri sem gefast til að ýta undir áhuga barnanna, styðja við nám þeirra og hvetja þau til þátttöku í lýðræðislegum athöfnum.

Í hópastarfi leikskólastigs vinna börnin saman í hópi jafningja að ákveðnum verkefnum og í frjálsum leik. Í litlum hópi gefst tækifæri til að efla félagsleg tengsl, hjálpsemi og að ýta undir sjálfstæði og frumkvæði hvers og eins. Hver kennari ber ábyrgð á tilteknum hópi barna. Hann miðar kennslu og verkefnaval við þroska og áhuga barnanna í hópnum, ýtir undir sjálfsnám þeirra og að börnin læri hvert af öðru. Kennarinn veitir börnunum öryggi og hlýju og ýtir undir áhuga þeirra að efla þekkingu sína og færni.

Byrjendalæsi

Í Hríseyjarskóla er unnið að mestu leyti með Byrjendalæsi sem er byggt á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð. Íslensku kennslan er samþætt í 1. og 2. bekk og nær til allra þátta

móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild í byrjendalæsi. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétttritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Unnið er með merkingarbæra texta og bækur sem höfða til nemenda. Tekin verða fyrir þemaverkefni í lotum.

Námsmat

Námsmat í Hríseyjarskóla tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla, lögum og reglugerðum varðandi námsmat í grunnskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að mat á hæfni og framförum nemenda sé reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats í grunnskóla er að leiðbeina nemendum um námið, meta hæfni og framfarir og hvernig nemendur geti náð markmiðum þess. Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, ásamt kennurum upplýsingar um námsgengi, hæfni, vinnubrögð og framfarir í námi.

xxxxxxxxxx

Valgreinar

Nemendur í 8. - 10. bekk hafa val um að taka þátt í heimilisfræði, textílmennt, myndmennt, þeir sem velja það ekki eru í sinni heimastofu að vinna sjálfstætt í bóklegum fögum. Gestakennarar eru fengnir inn til að kenna ýmsar greinar.

Nemendur í 8.- 10. bekk fara í valgreinar hjá „Skólinn í skýinu“.

Heimanám

Nemendur fá vikulega vinnuáætlanir um hverju skuli lokið á vikunni, ef nemendur skipuleggja sig vel eiga þeir að geta unnið allt í sínum tímum í skólanum, ef ekki þarf að taka vinnuna með heim og klára. Ætlast er til að allir nemendur lesi heima daglega bæði í hljóði og upphátt fyrir foreldra. Foreldrar kvitta svo fyrir.

Forfallakennsla

Forfallist kennari verður reynt að leysa það innan skólans svo ekki þurfi að senda nemendur heim. Takist það ekki má gera ráð fyrir að eldri nemendur verði sendir heim stöku sinnum. Nemendur í 1. til 4. bekk verða ekki sendir heim nema í algjörum undantekningartilvikum og verður þá haft samband við foreldra.

Nemendur

Öll börn skólans eru nemendur. Ýmist er talað um börn á leik- eða grunnskóladeild eða leik- og grunnskólanemendur.

Móttaka nýrra nemenda

Þegar nýr nemandi og þar með oft á tíðum nýtt heimili bætist í hópinn ber umsjónarkennara hans að hafa eftirfarandi atriði í huga og reyna tryggja að innan skólans séu aðrir starfsmenn og nemendur upplýstir og meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart hinum nýja aðila/aðilum.

- Heimilið fær stundatöflur og er bent á að kynna sér skólanámskrá á heimasíðu skólans þar sem ýmsar hagnýtar upplýsingar er að finna.
- Farin er kynnisferð um skólann með alla fjölskylduna.
- Fyrirkomulag mötuneytis kynnt.
- Tryggja að nemandi viti hvar og hvernig hann fer í íþrótt- og sundtíma.
- Bekkjarfélögum gerð grein fyrir ábyrgð þeirra á líðan nýs bekkjarfélaga og hugsanlega falin hlutverk í aðlögun nemandans og að kynna honum hefðir og fyrirkomulag innan skólans.
- Fylgst með nýja nemandanum og rætt reglulega við hann um líðan hans.
- Þess gætt að nemandinn og fjölskylda hans verði ekki utangátta þegar kemur að óhefðbundnum þáttum skólastarfsins s.s. litlu-jólum, föndurdegi, þorablóti, árshátíð o.s.frv..

Mörg þessara ofangreindra atriða gilda einnig þegar nemandi kemur sem gestanemandi í einhverja daga eða vikur. Slíkir nemendur koma líka oft inn á miðju skólaári.

Aðlögun barna á leikskólanum

Barnið þarf góðan tíma til að kynnast leikskólanum, starfsfólki og börnum og er góð aðlögun þýðingarmikil fyrir áframhaldandi dvöl barnsins. Nauðsynlegt er að barnið komi reglulega í leikskólann á meðan það er að aðlagast leikskólanum. Þó svo miðað sé við fimm daga í aðlögun eru börnin misjöfn og þurfa mismunandi langan aðlögunartíma. Metið er hverju sinni hvort ástæða er til lengri aðlögunartíma en fimm daga. Aðlögun miðast við 5 virka daga þar sem börnin dvelja stuttan tíma til að byrja með. Foreldrar eru með börnunum fyrstu stundirnar og fara síðan að draga sig í hlé þegar barnið hefur öðlast meira öryggi.

<https://docs.google.com/document/d/1l25pCev4CALojbCwXLBTwBCTtoWFtNhfxQvioDXxsfE/edit>

Leikskóladeild

Í Leikskóladeild Hríseyjarskóla eru 3 nemendur skólaárið 2022 – 2023. Leikskólinn opnar kl. 7.45 og lýkur kl. 15.00.

Leikskóli	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjón
Árgangur 2021				
Árgangur 2020				
Árgangur 2019		1	1	Theodóra Kristjánsdóttir
Árgangur 2018		2	2	Theodóra Kristjánsdóttir
Árgangur 2017				
Alls.			3	

Grunnskóladeild

Í grunnskóladeild eru 17 nemendur.

Grunnskóli	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjón
Árgangur 2016	3		3	
Árgangur 2015	1		1	
Árgangur 2014	1	1	2	
Árgangur 2013			0	
Árgangur 2012		1	1	
Árgangur 2011	1	1	2	
Árgangur 2010			0	
Árgangur 2009	3		3	
Árgangur 2008	1	2	3	
Árgangur 2007	1	1	2	

Alls	11	6	17	
------	----	---	----	--

Stundaskrá grunnskóla

Hér má sjá stundaskrár grunnskólanemenda og þær eru einnig aðgengilegar á Mentor.

https://docs.google.com/document/d/1LHQ3cZbx-0IT36ZC3F2R5_VrC4ZxISjSzau1GkPIllg/edit?usp=sharing

Starfsáætlun nemenda

Skólaárið hjá nemendum afmarkast af skólasetningu 22/8 og skólaslitum 1/6.

Skólaleikar eru í upphafi skólaársins, þar sem keppt er í ýmsum óhefðbundnum greinum og ýmsar þrautir leystar, þetta er gert til að hrista hópinn saman.

Árlega er nemendum grunnskóladeildar boðið í ferð með Húna II um mánaðarmótin ág/sept.

Nemendastýrð viðtöl í upphafi skólaárs, dagana 27. og 28. ágúst, þar munu nemendur kynna fyrir foreldrum sínum og kennurum hvernig þau meta námslega stöðu sína og að hvaða markmiðum þau ætla að vinna að í vetur.

Dagur læsis er 8/9 venja er að nemendur í eldri deild lesi ljóð eða smásögur fyrir farþega í Hríseyjarferjunni Sævari. Yngri nemendur lesa fyrir hvort annað og inni á leikskóladeild.

Sudburydagar eru 12.-15. september. Þar fá nemendur að skipuleggja námið sitt algjörleg sjálfir út frá sínu áhugasviði.

Haustfrí er 18/10 og 19/10 í leik- og grunnskóladeild.

Skipulagsdagar á skólatíma verða 20/10, 2/12, 2/1, 22/2 og 19/5.

Baráttudagur gegn einelti 8/11.

Dagur íslenskrar tungu 16/11 er haldinn hátíðlegur og er að því tilefni boðið til hátíðar í sal Íþróttamiðstöðvarinnar.

20/11. Dagur mannréttinda barna.

Námsmat fer fram með fjölbreyttum hætti, það byggir einnig á símati þá eru verkefni og próf tekin jafnt og þétt yfir skólaárið. Þar sem nemendur vinna að því að vera „leiðtogar í eigin námi“ meta þeir sjálfir ýmsa vinnu s.s. árshátíðarundirbúning, vinnu við skólablaðið, árangur sinn í list- og verkgreinum o.fl.

Litlu jólin 21/12, samvera með umsjónarkennara í stofu, dansað í kringum jólatré, foreldrar/forráðamenn mæta og taka þátt í viðburðinum.

Jólafrí grunnskóladeildar hefst að loknum litlu jólunum. Kennsla hefst aftur samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 3/1 2022.

Þorablót er haldið í skólanum á bóndadag 20. janúar, leikskólabörnin stíga á stökk, eldri nemendur flytja m.a. annál skólaársins og kennarar skemmta nemendum.

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur, þá er íbúum Hríseyjar boðið að koma í heimsókn og kynna sér starf leikskólans og þiggja kaffi og vöffur

Vetrarfrí er 23. og 24. febrúar í leik- og grunnskóladeild.

Páskafrí hefst 31. mars og lýkur 10. apríl 2023.

Árshátíð skólans verður haldin laugardaginn 6. maí. Mikil vinna er við undirbúning árshátíðar og taka allir nemendur skólans þátt. Árshátíðin er ein aðal fjáröflun nemendaráðsins, hluti ágóðans rennur í vorferðalag nemenda og afgangurinn í ferðasjóð nemenda (samkv. reglum um ferðasjóð Hríseyjarskóla) Nemendur gefa út skólablaðið Hríð, skrifa greinar, taka viðtöl, selja styrktarlínur og sjá um prentun og allt umstang. Blaðið kemur út daginn fyrir árshátíð.

Á u.þ.b. 3ja til 5 ára fresti fara elstu nemendur í ferð til Danmerkur. Næsta ferð er áætluð vorið 2024.

Vorferð nemenda er farin eftir 20. maí stundum er farið í dagsferðir en stundum er gíst í eina nótt.

Lambaferð er árlega fyrir börnin á leikskóladeildinni, stundum er nemendum í 1. og 2. bekk boðið með.

Útivist, útikennsla og grenndarkennsla fléttast inn allt skólaárið eftir því sem markmið segja til um en í lok skólaársins eru uppbrotsdagar sem að miklu leyti fara fram utandyra.

Skólaslit verða 1. júní þá er sett upp sýning á verkefnum nemenda og einnig býður foreldrafélagið upp á grillaðar pylsur.

Dagskipulag leikskóladeildar

Er byggt upp á sama hátt og í grunnskóladeildinni.

07:45	leikskóli opnar
08:00-8:30	róleg stund
08:30-8:50	morgunmatur
08:50-9:50	samvera, listasmiðja, skólahópur,
09:50-10:30	Hreyfistund, yndisauki, yoga, lífsleikni, söngstund,
10:30-11:10	útivera

11:10-11:30	undirbúningur fyrir mat og hvíld
11:30-12:30	matur og hvíld
12:30-14:20	val tímar
14:20-14:40	nónhressing
14:40-15:00	val tímar
15:00	skólalok

Leikurinn

Frjáls leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins og því nauðsynlegt að gera honum hátt undir höfði í daglegu starfi. Í frjálsa leiknum er litið til þess að fjölþætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja leikni. Börnin fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum þar sem leikurinn er líf þeirra og starf. Þau stjórna leiknum sjálf og virkja sköpunargáfu sína og færni í að tjá sig.

Leikur barnsins er oft skilgreindur út frá fjórum meginþáttum sem síðan skarast.

- Skynfæra- og hreyfileikir
- Sköpunar- og byggingaleikir
- Hlutverka- og þykjustuleikir
- Regluleikir

Útivera

Útivera er nauðsynlegur þáttur í leikskólastarfinu og metum við hverju sinni hversu lengi útivistin varir. Yfirleitt er miðað við eina klukkustund í senn en fer þó eftir aldri barnanna og veðráttu. Í útivist fá börnin tækifæri til að ærslast, hrópa og kalla auk þess að komast í snertingu við nánasta umhverfi og náttúruna. Lóð leikskólans er afgirt svæði inn á lóð grunnskólans og höfum við rólur, sandkassa, kofa og vegasalt til afnota. Við reynum að nýta okkur umhverfið utan leikskólans og nýtum við okkur það eins mikið og mögulegt er.

Samvera

Samverustundir eru góður tími til að syngja, segja sögur, gera málörvunaræfingar og ræða saman. Börnin hafa ákveðið sæti í samverustundum sem veitir þeim öryggi og festu. Lagðir eru inn nýir söngvar með vissu millibili og fá börnin textann með sér heim svo foreldrar geti tekið þátt í námi barnsins og viti hvað við erum að gera. Við leggjum áherslu á lestur bóka og sagna og leggjum áherslu á fjölbreytt efni svo allir fái eitthvað við sitt hæfi. Sumar samverustundir byggja á samtölum og frásögnum barnanna. Þau skiptast á að segja frá því sem þeim liggur á hjarta og læra jafnframt að hlusta og bíða eftir að röðin komi að þeim.

Hvíld

Að loknum hádegisverði er róleg stund í leikskólanum. Börnin leggjast á dýnu, fá kodda og teppi, og er lesin bók fyrir börnin eða hlustað á sögur. Stundin er ekki lengri en svo að börnin finni að þau hafa öðlast orku til að takast á við áframhaldandi leik og starf.

Nemendaráð

Nemendaráð Hríseyjarskóla stendur fyrir ýmsum atburðum fyrir nemendur á skólatíma en einnig utan opnunartíma skólans en þá er starfsfólk eða foreldrar þeim innan handar. Nemendur eru með þessu að safna fé í ferðasjóð nemenda vegna nemendaferða. Sú hefð hefur skapast að fara með elstu bekkina til Danmerkur á tveggja til þriggja ára fresti til Danmerkur.

Nemendaráð 2022-2023

Brynjólfur Bogason

Tara Naomí Hermannsdóttir

Victoría Líf Hermannsdóttir

Adam Domanski

Arnór Breki Guðmundsson

Stefán Pétur Bragason

Félagslíf

Nemendaráð ásamt umsjónarkennara skipuleggja kvöldvökur sem haldnar eru í skólanum u.þ.b. einu sinni í mánuði. Skiptast kvöldvökur stundum eftir aldri yngri og eldri deild en einnig eru stundum sameiginlegar kvöldvökur, elstu börnum leikskólans er boðið að vera með á kvöldvökum. Nemendaráð sér um allan undirbúning að kvöldvökum undir stjórn umsjónarmanns.

Díana Björg Sveinbjörnsdóttir sér um gæslu á kvöldvökum.

Ein uppákoma er alltaf á sínum stað, árshátíð nemenda. Lögð er áhersla á að allir nemendur taki þátt, hvort sem hlutverkið er lítið eða stórt. Það er ekki síður mikilvægur hluti skólastarfsins en bóknám að virkja alla nemendur og fá þá til að vinna saman í sátt og samlyndi því þá er hægt að koma ótrúlegustu hlutum í verk.

Félagsmiðstöðin Draumur er rekin í samstarfi Hríseyjarskóla, Akureyrarbæjar og Ungmennafélagsins Narfa. Félagsmiðstöðin hefur aðstöðu í Íþróttamiðstöðinni og er með opið hús fyrir nemendur í 5. - 10. bekk einu sinni í viku og einnig er aldursskipt opnun einu sinni í viku fyrir nemendur á aldrinum 5 - 16 ára.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta

Í litlum skólum sem þessum miðast stoðþjónustan við hvern og einn nemanda. Tekið er á hverju máli fyrir sig.

Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar sinnir sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla að því er varðar málefni einstakra nemenda. Starfsmenn skóla og foreldrar geta sótt um sérfræðiþjónustu fyrir börn með Tilvísun til sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Meðferð mála sem dæmi um vanda barns sem leitað er aðstoðar fyrir má nefna sértæka námserfiðleika, þroskafrávik, hegðunarvanda, einelti og tilfinningalega erfiðleika. Starfsmenn meta vanda barns með prófunum, viðtölum og skoðun á stöðu barnsins og gera tillögur um úrbætur í samvinnu við fjölskyldu og skóla.

Starfsmenn skólaþjónustu:

Elva Eir Þórólfsdóttir, sérkennsluráðgjafi grunnskóla elvaeir@akmennt.is

Elva Haraldsdóttir, sérkennsluráðgjafi leikskóla elva@akureyri.is

Fanný Rut Meldal, sálfræðingur fannym@akureyri.is

Guðný Dóra Einarsdóttir, sálfræðingur leikskóla gudnydora@akureyri.is

Helga Vilhjálmsdóttir, forstöðumaður skólaþjónustu helgav@akureyri.is

Ingveldur Sigurðardóttir, sálfræðingur ingveldur@akureyri.is

Áslaug Melax, sérkennsluráðgjafi grunnskóla aslaugm@akureyri.is

Oddeyrarskóli er móðurskóli okkar í málefnum nýbúa. Hvert tilvik er skoðað fyrir sig. Jafnréttisáætlun Akureyrarbæjar er höfð að leiðarljósi í stoðþjónustu skólans.

Nemendaverndarráð er ekki til staðar í skólanum en stefnt að því verði kippt í liðinn <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/mennta--og-menningarmalaraduneyti/nr/16592>

Námsmats- og skimunaráætlun Hríseyjarskóla 2022 - 2023

Leikskólastig

- Orðaskil - Málþroskapróf fyrir börn frá 18 mánaða til 3 ára. Ætlað að mæla orðaforða barnanna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningagerð.
- TRAS - Með TRAS skráningunni er skimað eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráning er miðuð út frá afmælistánuði nemenda.
- HLJÓM 2 - Aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.
- Foreldraviðtöl - eru einu sinni á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um barnið og stöðu þess.
- Haustfundir. Kynning fyrir foreldra þar sem farið er yfir áherslur í skólastarfi og þau viðfangsefni sem liggja fyrir.

Grunnskólastig

Ágúst

- Nemendastýrð foreldraviðtöl. Nemendur fylla út form og setja sér námsleg og félagsleg markmið fyrir skólaárið í samráði við foreldra og kennara.
- Haustfundir. Kynning fyrir foreldra og nemendur, farið yfir áherslur í skólastarfi og námsefni og kennsluhættir kynntir.

September

- Lesfimi Menntamálastofnunnar, 1. - 10. bekkur

Október

- Orðarún - lesskilningspróf, 3. - 8. bekkur
- Lesferill Menntamálastofnunar 1. bekkur

Desember

- Námsmat

Janúar

- Lesfimi Menntamálastofnunnar, 1. - 10. bekkur
- Foreldraviðtöl, foreldrar fá upplýsingar um námslega- og félagslega stöðu barna sinna. Farið er yfir þau markmið sem nemendur settu sér í upphafi skólaárs.

Mars

- Orðarún - lesskilningspróf, 3. - 8. bekkur
- Samræmd próf, 9. bekkur

Apríl

- Námsmat

Mái

- Lesfimi Menntamálastofnunnar, 1. - 10. bekkur

Heilsugæsla

Skipulag og framkvæmd heilsugæslunnar í skólanum er í höndum Heilsugæslustöðvarinnar á Dalvík. Hjúkrunarfræðingur skoðar nemendur í 4., 7. og 9. bekk. Spurningalisti er sendur til nemenda og forráðamanna í 4., 7. og 9. bekk. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við lækni eða hjúkrunarfræðingami eitthvað að barninu eða ef þeir vilja láta meta/vinna með ákveðna þætti. Skólahjúkrunarfræðingur er Hildigunnur Jóhannesdóttir og kemur hún einu sinni í mánuði í skólann.

<https://hriseyjarskoli.is/heilsugaesla/>

Áfallaráð

<https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/06/Afallaaetlun-1.pdf>

Starfspróun

Símenntunaráætlun

[Starfspróun og endurmennt 2022-2023](#)

Mat á símenntunaráætlun:

Forvarnir og öryggismál

Þar sem bílaumferð er alltaf að aukast hér í eyjunni viljum við leggja áherslu á það við foreldra að nemendur séu með endurskinsmerki í skammdeginu.

Grunnskólabörn eru slysafryggð í skólanum og á leið í og úr skóla. Slysakostnaður er greiddur að því marki sem hann fæst ekki greiddur úr tryggingum heimilisins eða frá Tryggingastofnun ríkisins. Akureyrarbær greiðir fyrstu komu á slysavarðstofu eða til annarra sérfræðinga. Eigin áhætta foreldra í slysatjóni er kr. 18.000 en engin þegar um tannbrot er að ræða.

Við höldum brunaæfingu einu sinni á vetri og í skólanum hefur verið unnin áfallaáætlun sem verður fylgt ef slys eða áföll verða.

Öryggistrúnaðarmaður er Vilborg Valgeirsdóttir.

Ávana- og fíkniefni/vímuvarnir

Skv. lögum um grunnskóla (66/1995) er hlutverk grunnskóla að stuðla að alhliða þroska og heilbrigði nemenda (2. gr.). Í starfi sínu skal skólinn m.a. leggja áherslu á að stuðla að líkamlegri og andlegri velferð nemenda og heilbrigðum lífsháttum (29.gr.).

Áfengis-, tóbaks- og önnur vímuefnaneysla unglunga getur stefnt heilsu og lífi þeirra í hættu. Slík neysla hefur neikvæð áhrif á þroskaferil einstaklings og getur leitt af sér ýmsan vanda s.s. verri námsárangur, skróp, slys, sjálfsvíg eða aðra áhættu hegðun eins og ógætilegt kynlíf, ofbeldi og afbrot. Að byrja að neyta slíkra efna á unglingsárum eykur einnig líkur á ýmsum félags- tilfinningalegum og heilsufarslegum vanda síðar á ævinni. Samkvæmt reglum skólans er öll notkun áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna nemenda skólans óheimil. Þetta á við í skólanum, félagsmiðstöðinni, á ferðalögum á vegum skóla eða félagsmiðstöðvar, á skólalóð eða í nágrenni skólans.

<https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/07/forvarnastefna.pdf>

Rýmingaráætlun

https://akmenntis-my.sharepoint.com/:b:/g/personal/thorarno_akmennt_is/ESs0uNQKR4dEuAXf0wIpgucB7gCjvDgGGFWjuklk38y-tg?e=y5zWkX

Eineltisáætlun

Olweus og Hríseyjarskóli.- Allir saman enginn einn.

Áætlun á heimasíðu: <https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/06/Eineltisaaetlun.pdf>

Öryggis- og slysaáætlun

Er aðgengileg á heimasíðu skólans:

https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2019/07/oryggishandbok_grunnskola.pdf

Öryggishandbók Hríseyjarskóla

<https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2022/06/Oryggishandbok-Hriseyjarskola-1-1.pdf>

Viðbrögð vegna heimsfaraldurs

<https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2022/06/Oryggishandbok-Hriseyjarskola-1-1.pdf>

Viðbrögð vegna gosmengunar

<https://hriseyjarskoli.is/wp-content/uploads/2022/06/Oryggishandbok-Hriseyjarskola-1-1.pdf>

Illviðri og ófærð

Skóla er ekki aflýst vegna veðurs og ófærðar nema í algjörum undantekningartilvikum. Verður þá hringt milli húsa. Hins vegar er foreldrum heimilt að halda börnum heima ef þeir meta aðstæður þannig en verða þá að muna að láta skólann vita. Versni veður mikið á skólatíma yngri barna verður reynt að tryggja að þau verði sótt af fullorðnum.

..\..\Downloads\Skólalald á Akureyri - óveður eða ófærð 8. jan. 2018.pdf

Hagnýtar upplýsingar

Mötuneyti

Boðið er upp á morgunmat klukkan 8:30 og heita máltíð í hádeginu kl 11:30 og 12:00, fjóra daga vikunnar í grunnskóladeild og alla daga á leikskóladeildinni. Auk þess er nónhressing á leikskóladeildinni Greitt er mánaðarlega samkvæmt gjaldskrá Akureyrarbæjar. Nemendur fá ávaxtahressingu kl 10.30.

Bókasafn

Ekki er starfsmaður á safninu nema tvær stundir í viku hverri og því þurfa allir að fylgja vel þeim reglum sem í gildi eru um útlán og umgengni. Bókasafn er í skólanum og er það jafnframt bókasafn eyjaskeggja, rekið af Amtbókasafninu á Akureyri. Nemendur og starfsfólk hafa góðan aðgang að því.

Ekki er heimilt að taka fræðibækur heim. Heimilt er að fá fræðibækur að láni í bekkjarstofur, þá eiga aðrir notendur greiðan aðgang að bókunum þar. Það skal skrá allar bækur sem teknar eru af safni í viðeigandi útlánakerfi. Einnig er mikilvægt að merkja við í sama kerfi þegar bók er skilað. Þegar bók er skilað aftur á safn er hún sett í karfa merkt: BÓKASKIL.

Allar sjálfsagðar umgengnisreglur gilda á bókasafninu. Mikilvægt er að ganga frá bókum eftir settum reglum og raða stólum/borðum/púðum áður en farið er út úr stofunni.

Hver nemandi ber ábyrgð á eigin umgengni en jafnframt ber sá kennari sem fylgir barni á safnið ábyrgð á að reglum sé fylgt og stofan sé eins og að henni var komið.

Skyndilegar breytingar í fjölskyldunni, áföll í lífi nemenda

Ef áföll, s.s. vegna dauðsfalls, veikinda eða annars koma upp sem tengjast nemendum skólans eða aðstandendum þeirra er áriðandi að það sé tilkynnt til skólans eins fljótt og auðið er.

Í skólanum er starfandi áfallaráð. Skólastjórnandi kallar áfallaráð saman og unnið er eftir áætlun áfallaráðs.

Gæsla í frímínútum

Frímínútur eru fyrir og eftir hádegishlé og er skólaliði á vakt til að fylgjast með nemendum. Ætlast er til þess að nemendur fari út í frímínútum og komi klæddir eftir veðri. Skólaliði í samráði við kennara tekur ákvörðun um hvort farið verður út eða hvort nemendur verði inni t.d. ef veður er vont. Í slíkum tilfellum hefur viðkomandi starfsmaður umsjón með nemendum hvort sem þeir eru á sal eða inni í kennslustofum.

Óskilamunir

Skólaliði heldur utan um þá hluti sem verða eftir í skólanum og geta foreldrar og nemendur snúið sér til hans ef þeir glata fatnaði eða munum. Fatnaður sem ekki er sóttur er gefinn góðgerðarstofnun.

Útivistarreglur

Ef við viljum búa börnin okkar vel undir lífið þá er mikilvægt að þau venjist því frá unga aldri að samfélagið setur þegnum sínum ýmsar reglur.

Útivistarreglurnar eru bundnar í lög.

Við sendum börnunum okkar varhugaverð skilaboð ef við hunsum lög og reglur.

Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannafæri nema í fylgd með fullorðnum eftir kl. 20 á veturna og eftir kl. 22 á sumrin.

Unglingar 13 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22 á veturna nema þeir séu á heimleið frá skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Útivistartíminn lengist um tvær stundir á sumrin.

Sumum finnst útivistarreglur of strangar og telja þær ekki í takt við tímann. Þeir ættu að hugleiða að samræmdar útivistarreglur eru settar til verndar börnum og unglingum. Stundum þarf að halda fast um tauminn þótt það veki mótbárur. Útivistarreglur eru eins og umferðarreglur, því fleiri sem virða þær þeim mun auðveldar ganga hlutirnir fyrir sig. Hugsum til annarra foreldra áður en við gefum lausan tauminn.

Eigur skólans

Nemendur fá allar námsbækur og námsgögn í skólanum og lpad þeim ber að ganga vel um þær og skila til umsjónarkennara í skólalok. Glati nemandi bók eða skemmi verður hann að greiða fyrir nýja. Einnota vinnubækur fá nemendur til eignar og taka með sér heim þegar búið er að vinna í þær.

Tækjakost og forrit ber nemendum að ganga vel um og nýta í samráði við kennara.